

AUGLÝSING

um staðfestingu samnings sveitarfélaga um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samning sem sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduós-bæjar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar hafa gert með sér um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Á þjónustusvæðinu er Sveitarfélagið Skagafjörður, frá 1. janúar 2016, leiðandi sveitarfélag og veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélagunum, þjónustu eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna hafa með samningi þessum ákveðið að framselja til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vald til ákvörðunar um stefnumótun og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélagunum, í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Innanríkisráðuneytinu, 4. febrúar 2016.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR sveitarfélaga um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduós-bæjar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar gera með sér eftirfarandi samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk:

1. gr.

Forsendur.

- 1.1 Þann 1. janúar 2011 tóku sveitarfélög við þeirri þjónustu sem ríkið hefur veitt fötluðu fólki, enda var lögum þá breytt og samkomulag gert um færslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga.
- 1.2 Til að tilfærslan verði árangursrík þurfa sveitarfélög að hafa faglegan og fjárhagslegan styrk á sviði félagsþjónustu.
- 1.3 Við allan undirbúning tilfærslunnar hefur verið miðað við að þjónustusvæði hafi að lágmarki átta þúsund íbúa.
- 1.4 Frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 hafa sveitarfélögin á Norðurlandi vestra undanþágu frá átta þúsund íbúa lágmarkinu.
- 1.5 Í ljósi þessa hafa sveitarfélögin ákveðið að sameinast um þjónustu við fatlað fólk, sbr. 4. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, á grundvelli samstöðu og sam-ábyrgðar. Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
- 1.6 Aðildarsveitarfélög þessa samnings eru staðráðin í því að takast á við ný verkefni og áskoranir af metnaði og fagmennsku.

2. gr.

Þjónustusvæði á Norðurlandi vestra.

- 2.1 Ofangreind sveitarfélög mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk. Þjónustusvæðið er ekki sjálfstæður lögaðili.
- 2.2 Á þjónustusvæðinu er Sveitarfélagið Skagafjörður frá 1. janúar 2016 leiðandi sveitarfélag og veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.
- 2.3 Sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Sveitarfélagsins Skagastrandar hafa ákveðið að framselja til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vald til ákvörðunar um stefnumótun og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum. Valdheimildum Sveitarfélagsins Skagafjarðar er nánar lýst í samningi þessum.
- 2.4 Félags- og tómstundanefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar fer með framkvæmd verkefnisins árið 2016 samkvæmt erindisbréfi frá sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- 2.5 Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustubörf. Sá sem metinn er í mestri þörf fyrir þjónustu skal að öllu jöfnu hafa forgang að þjónustu, óháð búsetu. Þá gilda sömu viðmið um þjónustustig á svæðinu öllu.
- 2.6 Núverandi þjónustueiningar verða starfræktar áfram, sbr. viðauka 1 sem er ekki birtur hér.
- 2.7 Sveitarfélaginu Skagafirði er heimilt að gera samninga við aðra aðila um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar.
- 2.8 Ferðaþjónusta, félagsleg heimaþjónusta, almenn liðveisla, lengd viðvera skólabarna og önnur sú þjónusta við fatlað fólk sem tilgreind er í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 fellur ekki undir þennan samning og er á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags.

3. gr.

Stjórn þjónustusvæðisins.

- 3.1 Stjórn og framkvæmd samningsins er í höndum sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- 3.2 Aðildarsveitarfélög samningsins mynda sérstakt þjónusturáð sem er vettvangur samhæfingar og samráðs vegna þjónustu innan svæðisins. Í þjónusturáði eiga sæti einn fulltrúi hvers aðildarsveitarfélags. Um störf þeirra á vettvangi þjónusturáðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og annarra laga um opinbera stjórnsýslu. Ráðið kýs sér sjálft formann.
- 3.3 Þjónusturáðið hefur eingöngu ráðgjafarhlutverk og fjallar meðal annars um stefnumótun og áætlanir sem tengist þjónustu við fatlað fólk, stefnumarkandi ákvarðanir og fjárhagsáætlun þjónustusvæðisins. Þjónusturáðið fær ekki aðgang að gögnum um einstaklingsmál. Það sem þjónusturáðið á að fjalla um er; fjárhagsáætlun, rekstrarupplýsingar, þjónustustig innan svæðis, stöðugildabörf og starfsáætlanir starfsstöðva.
- 3.4 Heimilt er ráðinu að bjóða hagsmunasamtökum fatlaðs fólks setu á fundum ráðsins með mál-frelsi og tillögurétt, þó ekki ef fjallað er um málefni einstaklinga.
- 3.5 Hafa skal virkt samráð við fatlað fólk, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu.

4. gr.

Markmið.

- 4.1 Markmið samningsins eru einkum að:
 - 4.1.1 tryggja fötluðu fólki samþætta og heildstæða þjónustu,
 - 4.1.2 laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra,
 - 4.1.3 stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.

5. gr.

Þjónusta Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

- 5.1 Sveitarfélagið Skagafjörður annast heildstæða þjónustu við fatlað fólk samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum á starfssvæðinu. Sveitarfélagið veitir þjónustuna í samræmi við ákvæði laga um málefni fatlaðs fólks, önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða þann málaflokk og samþykkt um þjónustu. Þá skal veiting þjónustu að auki taka mið af ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993. Í viðauka 1 við samninginn er listi yfir núverandi þjónustueiningar frá 31. desember 2015 og er hann ekki birtur hér.
- 5.2 Þetta felur í sér að sveitarfélagið tekur að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum eftirtalda þjónustu:
 - 5.2.1 þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum,
 - 5.2.2 hæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir og atvinnu með stuðningi,
 - 5.2.3 skammtímavistun,
 - 5.2.4 stuðningsfjölskyldur,
 - 5.2.5 ráðgjöf og aðra stuðningsþjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra.

6. gr.

Fjármögnun.

- 6.1 Aðilar þjónustusvæðisins bera sameiginlega ábyrgð á fjármögnun þjónustunnar innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samningnum.
- 6.2 0,25% af útsvarstofni sveitarfélaga renna til Sveitarfélagsins Skagafjarðar með mánaðarlegum greiðslum sem byggja á áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvars einstakra sveitarfélaga árið 2016.
- 6.3 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem byggja á mati á þjónustuþörf tiltekinna einstaklinga renna til Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- 6.4 Uppgjör ofgreiddra eða vangreiddra framlaga sveitarfélaganna til Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna ársins 2016 fer fram þegar ársuppgjör staðgreiðslu ársins liggur fyrir.
- 6.5 Tekjur af rekstri einstakra þjónustueininga renna til Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- 6.6 Sveitarfélagið Skagafjörður sækir um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þeirra NPA samninga (notendastýrð persónuleg aðstoð) sem endurnýjaðir verða.

7. gr.

Útgjöld.

- 7.1 Sveitarfélagið Skagafjörður ber allan kostnað vegna þjónustu samkvæmt samningi þessum.
- 7.2 Sveitarfélagið Skagafjörður greiðir kostnað vegna eftirtalinna fasteigna sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlað fólk (upplýsingar miðast við 31. desember 2015):
 - 7.2.1 Sambýlið Grundartúni 10-12, Hvammstanga, kostnaður vegna húsaleigu í sameiginlegu rými.
 - 7.2.2 Iðja/dagvist, Brekkugötu 14, Hvammstanga, kostnaður vegna leigusamnings.
 - 7.2.3 Sambýlið Skúlabraut 22, Blönduósi, kostnaður vegna húsaleigu í sameiginlegu rými.
 - 7.2.4 Iðja/dagvist Flúðabakka 2, Blönduósi, kostnaður vegna leigusamnings.
 - 7.2.5 Þjónustuíbúð Skúlabraut 8, Blönduósi, kostnaður vegna leigusamnings.
 - 7.2.6 Þjónustuíbúðir Kleifatúni 17-25, Sauðárkróki, kostnaður vegna leigusamnings.
 - 7.2.7 Sambýlið Fellstúni 19, Sauðárkróki, kostnaður vegna húsaleigu í sameiginlegu rými.
 - 7.2.8 Þjónustuíbúð Fellstúni 19b, Sauðárkróki, kostnaður vegna húsaleigu í sameiginlegu rými.
 - 7.2.9 Iðja/dagvist, Sauðárkróki, kostnaður vegna leigusamnings.
 - 7.2.10 Skammtímavistun, Grundarstíg 22, Sauðárkróki, kostnaður vegna húsaleigu.
- 7.3 Forræði yfir ofangreindu húsnæði er hjá húseigendum, þar með talið forræði yfir gerð leigusamninga við íbúa.
- 7.4 Endurnýjun sjö NPA-samninga sem verið hafa á þjónustusvæðinu er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Ekki er gert ráð fyrir nýjum samningum árið 2016.

- 7.5 Endurnýjun og gerð nýrra stuðningsfjölskyldusamninga er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- 7.6 Framlögum vegna búnaðarkaupa sambýla, iðju og skammtímavistunar verður úthlutað af Sveitarfélaginu Skagafirði samkvæmt fjárhagsáætlun, reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum nr. 1054/2010 og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum.
- 7.7 Framlögum styrkja til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar, veður úthlutað af Sveitarfélaginu Skagafirði samkvæmt fjárhagsáætlun og reglum.
- 7.8 Kostnaður Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna umsýslu við verkefnið s.s. bókhald, starfsmannahald, umsjón og samskipti vegna samningsins verður metinn inn í fjárhagsáætlun.

8. gr.

Þjónustustig, eftirlit, mat á árangri og skýrslugerð.

- 8.1 Sveitarfélagið Skagafjörður mun í samræmi við þróun þjónustustaðla, gefa út lýsingu á þjónustustigi vegna ólíkra hópa notenda og þjónustuúrræða.
- 8.2 Komið skal á innra eftirliti með þjónustu sem skal að lágmarki uppfylla lögboðnar kröfur sem gerðar eru til slíks eftirlits.
- 8.3 Árangur þjónustunnar skal metinn reglulega og skal matið meðal annars byggja á viðhorfum notenda og aðstandenda þeirra.
- 8.4 Við gerð kostnaðaruppgjors ársins fyrir þjónustusvæðið skal miðað við að aðildarsveitarfélögin skipti með sér fjárhagslegri ábyrgð í samræmi við fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi, sem Hagstofa Íslands birtir 1. desember 2016.
- 8.5 Sveitarfélagið Skagafjörður skal gefa út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem meðal annars skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar.

9. gr.

Starfsmenn.

- 9.1 Sveitarfélagið Skagafjörður verður vinnuveitandi starfsmanna sem starfa að verkefnum sem samningurinn tekur til. Sveitarfélagið Skagafjörður fer því með ráðningarsamband og allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum, sér um afgreiðslu launa til þeirra og stendur skil á lögbundnum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum og iðgjöldum til stéttarfélaga. Nýir starfsmenn verða ráðnir af Sveitarfélaginu Skagafirði.
- 9.2 Sveitarfélagið Skagafjörður tilkynnir starfsmönnum skriflega þegar það tekur við vinnuveitendahlutverki af Húnaþingi vestra og Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavetninga ásamt skýringu á því hvers vegna það er gert og hvað það þýðir gagnvart þeim, sbr. viðauka 3 sem ekki er birtur hér.
- 9.3 Starfsmenn sem ráðnir verða til starfa skulu að jafnaði hafa menntun sem nýtist í starfi þeirra, t.d. menntun þroskaþjálfara, iðjuþjálfara eða félagsliða, ellegar reynslu sem nýtist við störf að mállefnum fatlaðs fólks.
- 9.4 Starfsmönnum ber að gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samningsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum. Sveitarfélagið Skagafjörður skuldbindur sig til að tryggja undirritun starfsmanna sinna um þagnarskyldu.

10. gr.

Meðferð ágreinings.

- 10.1 Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum, sem ekki tekst að leysa innan þjónusturáðs, skal skipa sáttanefnd til að fjalla um ágreininginn og leita lausna á honum.
- 10.2 Í sáttanefnd skulu sitja þrjár einstaklingar og skal einn tilnefndur af þjónusturáði, einn af velferðarráðurneyti og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal hann vera formaður.
- 10.3 Sáttanefnd leggur fram tillögu til sveitarstjórna um lausn ágreiningsins.
- 10.4 Samþykki sveitarstjórnir ekki sáttatillögu skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn.

11.

Gildistími og endurskoðun.

- 11.1 Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2016 og gildir til 31. desember 2016.
- 11.2 Samningurinn er ekki uppsegjanlegur.
- 11.3 Breytist forsendur samningsins geta samningsaðilar farið fram á endurskoðun hans. Breyttar forsendur teljast m.a.:
- 11.4 Verulegar breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðs fólks um umfang og gæði þjónustu við fatlað fólk.
- 11.5 Sameining sveitarfélaga eða breytingar á mörkum þjónustusvæðis.
- 11.6 Umtalsverð röskun á högum aðildarsveitarfélags sem gerir því ókleift að efna ákvæði samningsins.
- 11.7 Samningsaðilar skulu ákveða sameiginlega fyrir 1. september 2016 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins þegar gildistíma hans lýkur. Skipa skal nefnd sem kemur með tillögu til aðildarsveitarfélaga um samstarf frá 1. janúar 2017. Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi hvers aðildarsveitarfélags. Sveitarfélagið Skagafjörður kallar nefndina saman.

Sauðarkróki, 29. janúar 2016.

B-deild – Útgáfud.: 19. ágúst 2016